Kringlan 5
Sími
692500
SJÓVÁ ALMENNAR

Morgunblaðið

BMW
Engum líkur

MIÐVIKUDAGUR 16. MAÍ 1990 VERÐ Í LAUSASÖLU 90 KR.

Miðbærinn:

Hiti í götur á 3 árum

BORGARRÁÐ hefur samþykkt tillögu Davíðs Oddssonar borgarstjóra, um að á næstu þremur árum verði kominn hiti í allar götur og torg í miðbænum. Áætlaður kostnaður vegna þessa er 130 til 140 milljónir króna.

Að sögn Davíðs Oddssonar borgarstjóra, er þetta fyrsta skrefið í að nýta vaxandi jarðhita frá Nesjavöllum. Sagði hann að aðbúnaður og aðkoma að miðbænum muni taka stakkaskiptum við þessa framkvæmd. Næsta skref yrði að hita upp erfiðar brekkur víðsvegar í borginni.

Guðlaugur Bergmann framkvæmdastjóri og forsvarsmaður samtakanna „Gamli miðbærinn," segist vera ánægður með þessa framkvæmd sem yrði til mikilla bóta.

Sjá frétt á bls. 22

Cavendish-bridsmótið:

Sveit Íslendinganna efst eftir 4 leiki

Aðalsteinn Jörgensen og Jón Baldursson voru í efsta sæti sveitakeppni Cavendish-bridsmótsins þegar fjórum umferðum var lokið af níu. Mótinu lauk seint í nótt að íslenskum tíma.

Aðalsteinn og Jón spila í sveit með Andrew Robson frá Bretlandi og Kitty Bethe frá Bandaríkjunum. Í fyrstu umferð mótins unnu þau sveit 20-10, sem skipuð var Marty Bergen og Larry Cohen en þeir hafa verið sterkasta bridspar í Bandaríkjunum undanfarin ár. Annar leikurinn vannst 25-5, gegn sveit sem í var m.a. formaður Cavendish-bridsklúbbsins. Þriðji leikurinn vannst 17-13, gegn sveit Johns Solodars, sem var í sigurliði Bandaríkjanna á Heimsmeistaramótinu 1981. Í fjórðu umferð vann Íslendingasveitin 30-0, sveit, skipaða áströlsku hjónunum Jim og Normu Borin, sem margoft hafa spilað í landsliði Ástrala; og hjónunum Alan og Dorothy Truscott, en Alan er bridsfréttamaður dagblaðsins New York Times og Dorothy er margfaldur heimsmeistari kvenna.



Klippt á borðann

Þrír nýir leikskólar voru opnaðir formlega í gær með athöfn í Heiðarborg í Seláshverfi. Tvö börn af leikskólanum klipptu á borða við athöfnina, þau Elí Bæring Frímannsson og Emilía Björg Óskarsdóttir.

Höfn Hornafirði:

Tilraunir með frystingu humars með köfnunarefni

Hvítanes sigldi um ósinn fyrst flutningaskipa síðan í janúar


Höfn, Hornafirði. Frá Guðjóni Guðmundssyni blaðamanni Morgunblaðsins.

KAUPFÉLAG Austur - Skaftfellinga á Höfn ráðgerir að frysta humar, sem á land kemur á morgun, fimmtudag, með köfnunarefni fyrir markað á Spáni. Það er í fyrsta skipti sem slíkri frystingaraðferð er beitt á humar hér á landi.

Góð veiði er hjá humarbátum frá Höfn, en vertíðin hófst á miðnætti aðfaranótt þriðjudags. Tólf bátar eru á veiðum á Breiðamerkurdjúpi. Páll Dagbjartsson skipstjóri á Lyngey var kominn með 650 kíló af humri þegar Morgunblaðið talaði við hann í gær og sagði hann byrjunina á vertíðinni þokkalega. Hann sagði, að svo virtist, sem hagstæð skilyrði væru í sjónum núna fyrir humarinn.

Flutningaskipið Hvítanes fór frá Höfn í Hornafirði í gærkvöldi til Vestmannaeyja, en Hvítanes er fyrsta stóra flutningaskipið, sem fer um Hornafjarðarós, síðan í janúar sl. Siglingin gekk að óskum.

Dýpkunarskipið Perla sem hefur unnið við dýpkun innsiglingarinnar fór frá Hornafirði á laugardaginn. Enn er unnið við að setja sandsekki í skarðið sem myndaðist í Suðurfjörutanga í marz sl. og verða á föstudag komnir 800 sekkir í skarðið, en í fyrstu var ráðgert að setja aðeins 400 til 600 sekki í skarðið.



Yoko Ono sýnir á Kjarvalsstöðum

YOKO Ono hefur þegið boð menningarmálanefndar Reykjavíkurborgar um að sýna á Kjarvalsstöðum í apríl á næsta ári. Sýningin sem um ræðir kemur hingað frá Sonju Heine safninu í Ósló og er það fyrsta sýning sem Yoko Ono heldur í Evrópu en þaðan fer hún til Milanó áður en hún kemur til Íslands.

Að sögn Gunnars Kvaran listráðunauts Kjarvalsstaða, hafði hann samband við umboðsmann Yoko Ono þegar hann frétti af sýningunni í Ósló og óskaði eftir að fá hana hingað. „Yoko Ono varð þegar hrifin og samþykkti strax að sýna hér og er von á listakonunni til landsins í tilefni sýningarinnar," sagði Gunnar. Á sýningunni verða aðallega sýndar höggmyndir frá 7. áratugnum.

Yoko Ono tilheyrir Fluxus-samtökunum, en það er hópur listamanna sem kom fyrst fram á 7. áratugnum og er þekktastur fyrir að vilja brjóta af sér gamlar listhefðir. Einn í þessum hópi er Nam Jun Paik en hann kom hingað á vegum Musika Nova, á sínum tíma. Að sögn Gunnars vöktu tónleikar hans eða öllu heldur sýning hans mikla hneykslan en nú er hann meðal virtustu listamanna heims og sýnir verk sín í þekktum sýningarsölum og helstu listasöfn státa af verkum hans.

Sigfús Jónsson bæjarstjóri á Akureyri:

Um líf og dauða að tefla að við náum álverinu til okkar

„EF VIÐ horfum þröngt á eyfirska hagsmuni, þá má segja að það sé verri kostur fyrir okkur að álver rísi á suðvesturhorninu en að ekkert álver verði reist. Ef álver risi á suðvesturhorninu, þá hefði það gífurlega neikvæð áhrif hér á okkar svæði, á Norðurlandi, það myndi draga fólkið með sér," sagði Sigfús Jónsson bæjarstjóri á Akureyri í ávarpi sínu á fjölmennum fundi sem haldinn var í Sjallanum í gærkvöld.

Til fundarins boðuðu Iðnþróunarfélag Eyjafjarðar og álviðræðunefnd sveitarfélaga við Eyjafjörð og var tilefnið að kynna heimamönnum stöðu mála og einnig að ná fram samstöðu um álverið þeirra á meðal. Tæplega 400 manns sóttu fundinn og var Sjallinn troðfullur.

Í máli bæjarstjóra kom fram að um væri að ræða mikið hagsmunamál, þar sem atvinnuleysi er hvergi meira en á Norðurlandi, eða 3,5% á meðan það er um 1,9% yfir landið allt. „Hér er um líf eða dauða að tefla, að við getum náð til okkar álverinu, ef það á annað borð verður reist hér á landi," sagði Sigfús, en hann bætti við að Eyfirðingar væru ekki tilbúnir að kaupa það hvaða verði sem væri.

Sigurður P. Sigmundsson framkvæmdastjóri Iðnþróunarfélags Eyjafjarðar ræddi um möguleika svæðisins, og sagði að staðan væri sú að nú stæðu Eyjafjörður og Keilisnes í Vatnsleysustrandarhreppi nokkuð jafnfætis varðandi staðsetningu álvers.

Í máli Andrésar Svanbjörnssonar yfirverkfræðings markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar kom fram að endanlegar niðurstöður úr Nilu — mengunarvarnaskýrslunni — lægju ekki fyrir, en samkvæmt þeim athugunum sem gerðar hefðu verið á Eyjafjarðarsvæðinu miðað við 200 þúsund tonna álver virtist sem álver af þeirri stærð og 130 þúsund tonna álver hefðu svipuð áhrif á umhverfið, þ.e. á slæmum degi með mikilli norðanátt væri áhrifasvæðið um þrír kílómetrar.